

Ríkisendurskoðun

00 620

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Áritun endurskoðanda	3
Yfirlit um afkomu ársins	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	8
Skýringar	9-15

Ríkisendurskoðun

kt. 540269-1819

Bríetartúni 7, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Skv. lögum nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga er ríkisendurskoðandi trúnaðarmaður Alþingis. Ríkisendurskoðandi annast endurskoðun ríkisreiknings og ársreikninga ríkisaðila og fyrirtækja þar sem eignarhald ríkissjóðs er 50% eða meira, hefur eftirlit með framkvæmd fjárlaga og stuðlar að umbótum á fjármálastjórn ríkisins og nýtingu almannafjár svo sem nánar er mælt fyrir um í 4. gr. laganna. Ríkisendurskoðun er skrifstofa ríkisendurskoðanda.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 1 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 965,0 milljónir og afkoma kr. 50,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 143,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 265,9 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á fjárlögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins eru aftast í reikningnum.


Ársverk hjá Ríkisendurskoðun á árinu 2023 voru 40,8 sem er fækkun um 1,3 frá árinu 2021. Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður var kr. 755,8 milljónir.


Það er álit okkar að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ríkisendurskoðunar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður og sviðsstjóri fjármála staðfesta hér með ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík, 23. apríl 2024

Staður og dags.


Ríkisendurskoðandi


Sviðsstjóri fjármála

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til forseta Alþingis

Álit

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, yfirlit um afkomu ársins, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ríkisendurskoðunar á árinu 2023, efnahag 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög sem um stofnunina gilda.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð mín samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Ég er óháður Ríkisendurskoðun í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og hef uppfyllt ákvæði þeirra. Ég tel að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit mitt á.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur Ríkisendurskoðunar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið endurskoðanda er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit endurskoðandans. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur, séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun mín er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Nánar tiltekið er eftirfarandi aðferðum beitt:

- Hætta á verulegri skekkju í ársreikningnum er metin og greind, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi. Endurskoðunaraðgerðir eru tilsniðnar og gerðar til að bregðast við þeim hættum og endurskoðunargagna er aflað sem metin eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit mitt. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflun skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, er gerð í þeim tilgangi að beita viðeigandi endurskoðunaraðgerðum, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.

- Metið er hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Niðurstaða mín byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um einstaka liði ársreikningsins.
- Við lok endurskoðunar er metið í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, lagt er mat á framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Endurskoðandi upplýsir stjórnendur Ríkisendurskoðunar um áætlað umfang endurskoðunarinnar og um mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Kópavogi, 23. apríl 2024

AT-Ráðgjöf ehf.


Árni Tómasson, endurskoðandi.

Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	783.500.000	749.000.000
Seld þjónusta	3	171.295.541	163.342.510
Aðrar tekjur		340.000	1.043.319
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	9.867.659	7.640.466
Tekjur samtals		965.003.200	921.026.295
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	755.800.470	737.460.739
Annar rekstrarkostnaður	5	149.204.943	145.532.598
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		18.586	8.889
Afskriftir	6	9.867.659	7.640.466
Gjöld samtals		914.891.658	890.642.692
Afkoma ársins		50.111.542	30.383.603

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Handbært fé		432.253	1.255.019
Viðskiptakröfur		5.246.640	20.459.050
Tengdir aðilar	7	227.160.965	170.110.259
Fyrirframgreiddur kostnaður		2.831.752	0
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	30.276.449	35.631.144
	Eignir samtals	<u>265.948.059</u>	<u>227.455.472</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	7	562.552	354.168
Viðskiptaskuldir		10.204.965	15.152.017
Ýmsar skammtímaskuldir	9	86.849.117	78.233.458
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	10	24.669.884	27.437.543
	Skuldir samtals	<u>122.286.518</u>	<u>121.177.186</u>
Eigið fé			
Hrein eign	8	143.661.541	106.278.286
	Eigið fé samtals	<u>143.661.541</u>	<u>106.278.286</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u>265.948.059</u>	<u>227.455.472</u>
Aðrar upplýsingar	11		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		50.111.542	30.383.603
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	9.867.659	7.640.466
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(9.867.659)	(7.640.466)
		<u>50.111.542</u>	<u>30.383.603</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		12.380.658	7.210.760
Tengdir aðilar		(56.842.322)	(24.429.231)
Skammtímaskuldir		3.668.607	5.497.527
		<u>(40.793.057)</u>	<u>(11.720.944)</u>
		<u>9.318.485</u>	<u>18.662.659</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	6	(4.512.964)	(14.813.601)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	220.000
		<u>(4.512.964)</u>	<u>(14.593.601)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Breyting fjárveitinga skv. reglugerð nr. 566/2021		(12.728.287)	(13.597.876)
Fjárfestingarframlag		7.100.000	6.400.000
		<u>(5.628.287)</u>	<u>(7.197.876)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(822.766)	(3.128.818)
		1.255.019	4.383.837
		<u>432.253</u>	<u>1.255.019</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum 2023	745.700.000	7.100.000	752.800.000
Launabætur	37.800.000	0	37.800.000
Fjárveiting ársins	783.500.000	7.100.000	790.600.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022 (umframráðstafað)	106.278.286	(8.193.601)	98.084.685
Breyting fjárveitinga á grundvelli reglugerðar nr. 566/2021	(12.728.287)	0	(12.728.287)
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	877.049.999	(1.093.601)	875.956.398
Ráðstöfun ársins samkvæmt rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum/ fjárfestingar	(733.388.458)	(4.512.964)	(737.901.422)
Staða fjárveitinga í lok árs 2023	143.661.541	(5.606.565)	138.054.976
	2023	2022	
Hlutfall afkomu af heildarfjárveitingu	6,4%	4,1%	
Hlutfall uppsafnaðrar afkomu af heildarfjárveitingu	18,3%	14,2%	

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í forni afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Skýringar

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppséggjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppséggjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar, frh.

	2023	2022
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	790.600.000	755.400.000
Þar af fjárveiting til fjárfestinga, færð á frestaðar tekjur sjá skýringu 10	(7.100.000)	(6.400.000)
Tekjufærsla fjárveitinga til rekstrar	783.500.000	749.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	9.867.659	7.640.466
	<u>793.367.659</u>	<u>756.640.466</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og uppsafnaða stöðu í árslok:

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Fjárveiting samtals
Fjárveiting samkvæmt fjárlögum og fjárukalögum 2023	745.700.000	7.100.000	752.800.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárveitinga; launabætur	37.800.000	0	37.800.000
Fjárveitingar ársins	783.500.000	7.100.000	790.600.000
Uppsöfnuð staða fjárveitinga í upphafi árs (umframráðstafað)	106.278.286	-8.193.601	98.084.685
Breyting fjárveitinga á grundvelli reglugerðar nr. 566/2021	-12.728.287	0	-12.728.287
Ráðstöfun fjárveitinga á árinu að frádregnum sértekjum	-733.388.458	-4.512.964	-737.901.422
Uppsöfnuð staða fjárveitinga í lok árs (umframráðstafað)	143.661.541	-5.606.565	138.054.976

Engar rekstrartilfærslur eða fjármagnstilfærslur áttur sér stað á árinu.

	2023	2022
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	168.405.541	160.784.310
Mötuneyti	2.890.000	2.558.200
	<u>171.295.541</u>	<u>163.342.510</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	603.996.823	596.459.302
Orlof, breyting	8.615.659	306.394
Launatengd gjöld	133.579.804	130.648.583
Starfsmannakostnaður	9.608.184	10.046.460
	<u>755.800.470</u>	<u>737.460.739</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	40,8	42,1

Skýringar, frh.

	2023	2022
5 Annar rekstrarkostnaður		
Ferða- og dvalarkostn. innanl.....	2.906.767	2.715.075
Ferða- og dvalarkostn. erlendis.....	1.940.983	956.055
Fundir, námskeið og risna.....	3.078.880	3.612.578
Akstur.....	310.085	443.755
Ferðir og fundir samtals.....	8.236.715	7.727.463
Tímarit, blöð og bækur.....	784.178	525.221
Skrifstofuvörur og áhöld.....	9.867.326	4.710.586
Aðrar rekstrarvörur.....	14.103.308	23.287.124
Keyptar máltíðir og kaffikostnaður.....	427.103	1.933.681
Rekstrarvörur samtals.....	25.181.915	30.456.612
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta.....	3.943.816	3.190.403
Önnur sérfræðipjónusta.....	13.283.885	9.348.328
Hugbúnaður, sími og ýmis leigugjöld.....	13.472.307	14.299.687
Prentun,póstur, augl., flutn.....	929.972	1.887.673
Aðkeypt þjónusta samtals.....	31.629.980	28.726.091
Húsaleiga og aðk. ræsting.....	74.713.483	64.161.679
Rafmagn og heitt vatn.....	2.084.728	2.216.535
Verkkaup og byggingavörur.....	5.427.351	8.009.538
Húsnæði samtals.....	82.225.562	74.387.752
Verkstæði og varahlutir.....	113.958	1.453.341
Brennsluefni og olíur.....	205.389	211.311
Tryggingar og skattar.....	144.321	129.920
Bífreiðar og vélar samtals.....	463.668	1.794.572
Opinber gjöld, leyfisgjöld.....	1.467.103	987.108
Samkomulagsbætur.....	0	1.453.000
Annar rekstrarkostnaður samtals.....	149.204.943	145.532.598

Skýringar, frh.

	31.12.2023	31.12.2022
6 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	26.311.241	30.724.218
Farartæki og vélar	470.864	1.412.582
Aðrar eignir	3.494.344	3.494.344
	<u>30.276.449</u>	<u>35.631.144</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2023	80.905.606	7.533.749	3.494.344	91.933.699
Viðbætur á árinu	4.512.964	0	0	4.512.964
	<u>85.418.570</u>	<u>7.533.749</u>	<u>3.494.344</u>	<u>96.446.663</u>
Afskriftir 01.01.2023	50.181.388	6.121.167	0	56.302.555
Afskrift ársins	8.925.941	941.718	0	9.867.659
	<u>59.107.329</u>	<u>7.062.885</u>	<u>0</u>	<u>66.170.214</u>
Staða 31.12.2023.....	<u>26.311.241</u>	<u>470.864</u>	<u>3.494.344</u>	<u>30.276.449</u>

7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	204.837.125	160.777.269
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	22.323.840	9.332.990
	<u>227.160.965</u>	<u>170.110.259</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	562.552	354.168
	<u>562.552</u>	<u>354.168</u>

8 Eigið fé

	2023	2022
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	106.278.286	103.913.304
Breyting uppsafnaðrar afkomu á grundvelli reglugerðar nr. 566/2021	(12.728.287)	(28.018.621)
Afkoma ársins	50.111.542	30.383.603
Jöfnuður 31.12.	<u>143.661.541</u>	<u>106.278.286</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar, frh.

	31.12.2023	31.12.2022
9 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	86.849.117	78.233.458
	<u>86.849.117</u>	<u>78.233.458</u>

10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignanna í formi afskrifta. Til mótvægis við eignfærsluna er færður liður, Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda, sem endurspeglar uppsafnaða fjármögnun ríkisins til fjárfestinga, að frádreginni áætlaðri rýrnun undirliggjandi eigna. Skuldaliður þessi færir til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða fellur niður við sölu þeirra nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2023	31.12.2022
Frestaðar tekjur vegna eftirstöðva fjárveitinga til fjárfestinga	30.276.449	35.631.144
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (umframráðstafað til fjárfestinga)	(5.606.565)	(8.193.601)
	<u>24.669.884</u>	<u>27.437.543</u>

	Uppsöfnuð fjárfesting að frádeginni rýrnun	Ónotuð (ofnýtt) fjárveiting	Samtals frestun tekjufærslu
Staða 01.01.2023	35.631.144	(8.193.601)	27.437.543
Fjárveiting ársins til fjárfestinga skv. fjárlögum	0	7.100.000	7.100.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	4.512.964	(4.512.964)	0
Reiknuð tekjufærsla frestaðra tekna	(9.867.659)	0	(9.867.659)
	<u>30.276.449</u>	<u>(5.606.565)</u>	<u>24.669.884</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 7,9 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

11 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Ríkisendurskoðun hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði fyrir starfsemi stofnunarinnar ásamt leigu á bifreiðastæðum. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu og bifreiðastæða nema 74,9 milljónum króna á verðlagi 1.1.2024. Árlegar greiðslur skuldbindandi samninga vegna hugbúnaðar, vistunar kerfa ofl. rekstrarliða nema 19,6 milljónum króna.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2023.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir, eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Skýringar, frh.

Lífeyrisskuldbindingar

Skuldbindingar vegna áunninna réttinda starfsmanna, umfram greiðslu vegna þeirra í lífeyrissjóði, hvílir á ríkissjóði.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.